

Umsögn um lagafrumvarp frá 2018, nr: 393. mál á 149. löggjafarþingi

Hér að neðan eru nokkrar athugasemdir er varða frumvarp til laga um þungunarrof. Orðin fóstur og barn eru notuð til jafns, óháð hversu langt gengin þau kunna að vera.

- Það skortir tilfinnanlega að tiltaka að þunguðum konum skuli veittar upplýsingar um og þær hvattar til að skoða aðra valkosti, einkum ættleiðingar, sem bera með sér meiri virðingu fyrir lífi allra viðkomandi. Rétt væri að í stuðningsviðtali væri farið vel yfir það góða velferðarkerfi og stuðningsnet sem við búum við á Íslandi, og leggja áherslu á þá gleði og lífsfyllingu sem barneignir hafa í för með sér. Tiltaka ætti að stuðningsviðtal skyldi miða að því að fá konur til þess að skoða aðra mögulega og draga úr líkum á því að þær óski eftir fóstureyðingu.
- Það er nauðsynlegt að taka skýrt fram að ekki skuli fara með líkama ófæddra barn á ómannúðlegan hátt, þau skulu ekki limlest á nokkurn hátt, og að líkamsleifar þeirra skuli ekki undir nokkrum kringumstæðum verða að söluvöru, eins og tíðkast víða.
- Það þarf að taka fyrir að ófædd börn séu deydd á grundvelli kyns, eða annarrar genasiunar.
- Það vantar alla umfjöllun um hvernig draga skuli úr tíðni fóstureyðinga.
- Það vantar alla umfjöllun um réttindi barnsins, sem á sinn líkama – líkama sem er aðskilinn líkama móður, sem hefur ólíkt DNA-mengi, og getur aldrei talist hluti af líkama móður (þó hann dvelji tímabundið í honum).
- Það er afar óeðlilegt að fóstureyðingar séu gjaldfrjálssar, umfram aðra heilbrigðisþjónustu. Eðlilegra og sjálfsagðara væri að þessi almennt ónauðsynlega framkvæmd væri greidd að fullu af þeim sem óskar eftir henni.
- Skv. 16. gr. Barnaverndarlaga er hverjum manni skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart ef ástæða er til að ætla að heilsu eða lífi ófædds barns sé stefnt í hættu. Það er því hrópanði ósamræmi að í einum lagabálknum sé einstaklingum leyft að deyða ófædda einstaklinga, en í hinum skuli hverjum manni skylt að gera viðvart um slíkt.
- Lífvænleiki ófæddra barna veltur á tækni og þekkingu sem stöðugt fleytir fram og breytist. Það er ótækt að ætla að svara siðferðislegri grundvallarspurningu um rétt ófæddra barna til lífs með vísun í tækniþekkingu sem sífellt breytist.
- Það er fráleitt að faðir barns hafi ekki kost á því að koma því til bjargar. Einfalt væri að setja kerfið þannig upp að faðir hefði kost á því að koma í veg fyrir því að barn hans sé deytt, gegn því að hann taki sjálfur fulla ábyrgð á því að sjá fyrir, og ala barnið upp.
- Það er mikill misskilningur að á Íslandi ríki víðtæk samfélagssátt um fóstureyðingar, en sá stóri hluti fólks sem er fylgjandi rétti ófæddra barna til lífs, og styður ekki fóstureyðingar, er klárlega ekki nógu hávær.

Arrún Sveina Kevinsdóttir